

## Þegar gamanið kárnar ...

06.03.2014 HEILSUTORG.is heilsutorg@heilsutorg.is

Spilafíkn er sjúkdómur sem hægt er að ráða við. Ef sjúklingurinn viðurkennir vandann, er tilbúinn til að fræðast um sjúkdóminn og leggur sig fram við að tileinka sér reynslu annarra sem náð hafa tökum á spilafýsninni, getur hann öðlast nýtt líf.

SÁÁ byrjaði að veita spilasjúklingum þjónustu frá 1992. Nokkurn tíma tók að koma þessari þjónustu í skorður þar sem aðsóknin var mjög óregluleg í byrjun. Frá því í byrjun ársins 1996 hefur þjónustan verið í föstum farvegi. Á þessum fjórum árum var þjónustan þróuð smátt og smátt, hingað til lands voru fengnir erlendir sérfræðingar hingað til að fræða og þjálfa starfsfólk, ráðgjafar sendir til Bandaríkjanna í námsferðir og gefin út fræðsluritin *"Spilafíkn - Viðráðanlegur sjúkdómur"* eftir Pétur Tyrfingsson sem er gagnmerk og ítarleg bók og einnig lítið fræðslurit með nafninu *"Þegar gamanið kárnar"*. Hér er hægt að nálgast þessi fræðslurit á pdf-sniði fyrir Acrobat Reader. Hafir þú ekki þegar sett upp Adobe Acrobat geturðu fengið ókeypis útgáfu af forritinu [hjá Adobe](#).



"Spilafíkn - Viðráðanlegur sjúkdómur"

[Þegar gamanið kárnar ..](#)

[Spilafíkn - Viðráðanlegur sjúkdómur](#)

[Sjálfspróf](#)